

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Hveragerðis nr. 306

9. október 1974, með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjöld:

1. Gróðurhús 100 m² og stærri, kr. 79.70 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

2. Önnur hús kr. 31.60 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

b. Vatnsgjöld:

1. Gróðurhús kr. 18.60 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.

2. Önnur hús kr. 53.10 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.

6. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Heimædagjöld (tengigjöld) eru sem hér segir fyrir hverja heimæð:

Hús allt að 300 m³ kr. 7 539.00.Hús 300—2000 m³ kr. 7 539.00 fyrir 300 m³ og kr. 5.60 fyrir hvern m³ þar yfir.Hús stærri en 2000 m³ kr. 17 119.00 fyrir 2000 m³ og kr. 4.70 fyrir hvern m³ þar

yfir.

Stofngjald fyrir hvern aukahemil á sama inntaki er kr. 759.00.

7. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjöld skv. 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 682 stig. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 16. maí 1981 með tilvísun til auglýsingar nr. 240/1981 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 28. maí 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

2. júlí 1981.

Nr. 375.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Þorlákshafnar nr. 269 28. maí 1980.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Fyrir afnot af heitu vatni (varmaorku) úr veitukerfi hitaveitunnar skal greiða orkugjald.

a. Samkvæmt magnhemli kr. 227.60 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

b. Samkvæmt vatnsmæli kr. 11.40 fyrir hvern rúmmetra vatns.

7. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Heimædagjöld skal reikna af öllu húsrými á viðkomandi lóð, hvort sem það verður allt tengt veitukerfi hitaveitunnar eða ekki. Þó skal ekki reikna heimædagjald af búpeningshúsum á jörðum og lögbýlum nema þeim útihúsum sem tengd verða